



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

***Efni: Áhrif hækkunar örorkubóta á greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings í samræmi við nýuppfærðar leiðbeiningar félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins***

Í júní 2022 tóku gildi breytingar á lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Við lögina bættust tvö ný bráðabirgðaákvæði sem snúa að hækkun grunnfjárhæðar og frítekjumarks. Einnig var gerð breyting á lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar þar sem greiðslur almannatrygginga hækkuðu um 3%. Í minnisblaði þessu verður metin kostnaðarhækkun vegna breytinganna fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar og áhrif hækkunar á rétt notenda á greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings.

Hækki frítekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings um 3% til samræmis við breytinguna um húsnæðisbætur munu heildargjöld Reykjavíkurborgar hækka um 2 - 2,5 m.kr. á mánuði eða á bilinu 24 - 30 m.kr. á ári. Einnig gæti notendum fjölgað þar sem fleiri gætu fallið undir ný tekjumörk. Sú breyting laga sem varðar frítekjumark húsnæðisbóta gildir aftur til 1. janúar 2022. Grunnfjárhæð húsnæðisbóta hækkaði um 10% frá 1. júní 2022. Breyttar fjárhæðir fyrir sérstakan húsnæðisstuðning vegna hins fyrrnefnda má sjá á Töflu 2 og breyting hins síðarnefnda á Töflu 3. Tafla 1 sýnir fjárhæðir frítekjumarka fyrir árið 2022 án breytinga.

Tafla 1: Frítekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings 2022

Fjárhæðir fyrir hækkun tekjumarka 2022				
Fjöldi heimilismanna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.752.707 kr.	5.940.884 kr.	396.059 kr.	495.074 kr.
2	6.285.838 kr.	7.857.298 kr.	523.820 kr.	654.775 kr.
3	7.359.030 kr.	9.198.788 kr.	613.253 kr.	766.566 kr.
4 eða fleiri	7.972.283 kr.	9.965.354 kr.	664.357 kr.	830.446 kr.



Tafla 2: Breyting frítekjumarka eftir 3% hækkun sérstaks húsnæðisstuðnings 2022

Fjárhæðir eftir hækkun tekjumarka 2022				
Fjöldi heimilismanna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.895.292 kr.	6.119.111 kr.	407.941 kr.	509.926 kr.
2	6.474.408 kr.	8.093.017 kr.	539.534 kr.	674.418 kr.
3	7.579.800 kr.	9.474.752 kr.	631.650 kr.	789.563 kr.
4 eða fleiri	8.211.456 kr.	10.264.315 kr.	684.288 kr.	855.360 kr.

Tafla 3. Breyting grunnfjárhæðar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Fjöldi heimilismanna	Grunnfjárhæð húsnæðisbóta á tímabilinu 1. janúar - 31. maí 2022	Grunnfjárhæð húsnæðisbóta á tímabilinu 1. júní - 31. desember 2022
1	389.520 kr.	428.472 kr.
2	515.172 kr.	566.689 kr.
3	603.132 kr.	663.445 kr.
4 eða fleiri	653.388 kr.	718.727 kr.

Báðar aðgerðir munu leiða til þess að umsækjendur geta átt rétt á hærri greiðslu vegna sérstaks húsnæðisstuðnings vegna ákvæðis í 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning. Þar segir:

*„Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi greiddar 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til lækkunar samkvæmt öðrum skilyrðum 4. gr. og að teknu tilliti til áhrifa tekna samkvæmt 5. gr. reglna þessara.“*

Hækkun grunnfjárhæðar mun leiða til þess að hámarksgreiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings til einstaklinga mun hækka úr 32.460 kr. í 35.706 kr. Hámarks greiðsla samanlagðra bóta er í dag 90.000 kr. Grunnfjárhæð allra sem eru fleiri en einn í húsnæði mun nú ná upp í hámarksfjárhæð samanlagðra bóta þar sem grunnfjárhæð fyrir tvo í heimili nemur nú 47.224 kr. Sjá má á Töflu 4 breytingu á greiðslum eftir hækkun grunnfjárhæðar ásamt hámarksgreiðslu miðað við að fá greidda fulla grunnfjárhæð.



Tafla 4. Breyting grunnfjárhæðar á mánuði

Fjöldi heimilismanna	Grunnfjárhæð á mánuði fyrir breytingu	Grunnfjárhæð á mánuði eftir breytingu	Hámarksgreiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings á mán. miðað við hámark (90.000kr.) eftir breytingu
1	32.460 kr.	35.706 kr.	35.706 kr.
2	42.931 kr.	47.224 kr.	42.776 kr.
3	50.261 kr.	55.287 kr.	34.713 kr.
4 eða fleiri	54.449 kr.	59.894 kr.	30.106 kr.

Óbreytt hámark samanlagðra bóta mun leiða til þess að þeir sem fá hærri greiðslu frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), lenda ekki í skerðingu á bótum heldur mun HMS greiða hærri fjárhæð upp að hámarki, en þeir umsækjendur myndu enn fá 90.000 kr. greiðslu vegna samanlagðra húsnæðisbóta. Í maí voru 663 sem fengu hámarks greiðslu eða 90.000 kr. Í júní þegar grunnfjárhæð HMS hækkaði í 428.472 kr. voru 1.176 sem fengu hámarksgreiðslu.

Æskilegt væri að breyta grunnfjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings til samræmis við grunnfjárhæð húsnæðisbóta hjá HMS en greiðsla til umsækjenda hækkar óháð grunnfjárhæðinni vegna ákvæðis 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um greiðslu 1.000 kr. sérstaks húsnæðisstuðnings fyrir hverjar 1.000 kr. húsnæðisbóta. Fjárhæð greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings mun alltaf vera sú sama og greiðsla húsnæðisbóta nema með tilliti til hámarks greiðslu samanlagðra bóta, lágmarksleigufjárhæðar, tekna og eigna sem gilda samkvæmt reglugerðum Reykjavíkurborgar á hverjum tíma.

Eftir hækkun á bótagreiðslum um 3% frá Tryggingastofnun ríkisins nemur fjárhæð greiðslna fyrir einstaklinga á örorkubótum 362.578 kr. á mánuði. Á ársgrundvelli nemur það 4.350.936 kr. og fellur það undir neðri frítækjumörk bæði fyrir og eftir hækkun, sbr. neðri tekjumörk á ári í Töflu 1 og Töflu 2. Öryrkjar verða því ekki fyrir neinni skerðingu vegna tekna fyrir greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings þrátt fyrir hækkun bótagreiðslna. Öryrkjar eiga þó rétt á að vinna sér inn launagreiðslur sem hækka tekjur þeirra, í þeim tilfellum er mögulegt að það komi til tekjuskerðingar á húsnæðisbótum.

Miðað við dæmi um einstakling á örorkubótum sem greiðir 150.000 kr. í leigu á mánuði þá fær viðkomandi greiddan fullan húsnæðisstuðning vegna húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings bæði fyrir og eftir hækkun frítækjumarks. Fyrir breytingu greiðir viðkomandi 85.050 kr. í leigu eftir greiðslu húsnæðisbóta eða 24% af heildartekjum. Eftir hækkun grunnfjárhæðar lækkar greiðslubyrði í 78.588 kr. eða 22% af heildartekjum. Sjá má fjárhæðir fyrir dæmi um einstakling á örorkubótum fyrir og eftir hækkun greiðslu almannatrygginga og grunnfjárhæða húsnæðisbóta í Töflu 5.



Tafla 5. Dæmi um einstakling á örorkubótum fyrir og eftir hækkun fjárhæða skv. breytingu laga nr. 100/2007 og nr. 75/2016

	<b>Einstaklingur</b>	
<b>Öryrkjar</b>	<b>Fyrir breytingu</b>	<b>Eftir breytingu</b>
Örorkustyrkur	351.920 kr.	362.478 kr.
Staðgreiðsla	56.763 kr.	60.083 kr.
Ráðstöfun	295.157 kr.	302.395 kr.
Leigufjárhæð	150.000 kr.	150.000 kr.
Húsnæðisbætur (grunnfjárhæðir)	64.920 kr.	71.412 kr.
Húsnæðiskostnaður	85.080 kr.	78.588 kr.
Hlutfall húsnæðis af tekjum	24%	22%
Hlutfall húsnæðis af ráðstöfunar tekjum	29%	26%

*Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri  
Skrifstofa stjórnarsýslu  
Miðlæg skrifstofa velferðarsviðs*